

Fundargerð skólaráðs Fjölbrautaskólans í Garðabæ

4. fundargerð á haustönn 2023

miðvikudaginn 18. október kl. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda. Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttta og þátttöku í ungmennastarfi eru afgreiddar strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólinn gefur ekki leyfi á námsmatsdögum.

B. Aðrar umsóknir

- Tveir nemendur sækja um undanþágu frá dönsku námi. Annar fær undanþágu enda var hann undanþeginn dönskunámi í grunnskóla en hinni umsókninni er hafnað enda stundaði hann dönskunám í grunnskóla.
- Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræðinámi. Samþykkt þar sem ítarleg greining liggur fyrir og umsögn stærðfræðideildar.
- Nemandi óskar eftir undanþágu frá mætingu frá kl. 11:00 – 12.30 þegar tilfallandi hádegisæfingar eru í íþrótt sem hann stundar. Samþykkt að afgreiða í lok annar.
- Nemandi óskar eftir að fá að skila umsókn um mati á íþróttum þó að umsóknarfrestur sé liðinn. Þeirri umsókn var hafnað.
- Einn nemandi segir sig frá námi.

2. Af vettvangi NFFG

Rætt um hvað er á döfinni.

- FG - Flensborgardagurinn verður á morgun 19. október í Flensborg. Mikill áhugi er á deginum og búist við góðri mætingu. Þeir nemendur sem taka þátt fá leyfi eftir hádegi. Dagskráin hefst kl. 13.20 og ætti að vera lokið um kl. 16.00.
- Nemendur hyggjast halda upp á hrekkjavöku með viðburðum á skólatíma í næstu viku. Síðasta daginn verður útbúið draugahús í skólanum.
- Þann 20. október verður bleikum degi fagnað og nemendur og starfsfólk hvatt til að klæðast bleiku.
- Salsaball verður í desember og dagskrá fyrir það er að verða klár.
- Árshátíð verður samkvæmt venju þann 13. mars. Búið er að leigja Gamla bíó

3. Önnur mál

- Kennslumat opnar kl. 13.15 í dag og verður opið í eina viku
- Aðrir væntanlegir viðburðir á landsvísu eru bleikur dagur 20. október og þá hafa á fjórða tug félagasamtaka boðað heilsdags kvennaverfall þann. 24. október næstkomandi og hvetja konur og kvár til að leggja niður launuð og ólaunuð störf þennan dag.
- Fulltrúi kennara vill koma því á framfæri að mjög seint hafi legið fyrir hvenær FG-Flensborgardagurinn væri og það skapi óþægindi að hafa hann svona seint á önninni. Aðrir taka undir það.

- Forvarnarfulltrúi segir frá að fullt af spilum hafi verið keypt sem sé hægt að fá lánuð á bókasafni.
- Rætt um umgegni og hvort setja eigi sérstakar prófareglur sem gilda í hlutaprófum inn á önninn í lok fundar. Ákveðið að halda umræðunni vakandi.

Fundinn sátu:

Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir, forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms- og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Guðrún Fjóla Ólafsdóttir, forseti NFFG

Ingibert Erlingsson, varaforseti NFFG

Kári Viðarsson, fulltrúi kennara

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi